

## AUGLÝSING um breytingu á reglum nr. 1026/2010 um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg.

1. gr.

23. gr. breytist og orðast svo:

23. gr.

*Styrkur eða lán til fyrirframgreiðslu húsaleigu og til tryggingar húsaleigu.*

Heimilt er að veita þeim sem fengið hafa fjárhagsaðstoð til framfærslu samkvæmt reglum þessum í mánuðinum sem sótt er um og í mánuðinum á undan lán eða styrk til fyrirframgreiðslu húsaleigu að hámarki 300.000 kr.

Í þeim tilfellum sem umsækjandi hefur ekki fengið fjárhagsaðstoð til framfærslu samkvæmt reglum þessum í mánuðinum sem sótt er um og í mánuðinum á undan, en hefur til langst tíma glímt við vímuefnavanda og/eða geðræna erfiðleika auk þess að hafa jafnframt átt í margháttuðum húsnæðiserfiðleikum og miklum félagslegum erfiðleikum því fylgjandi er heimilt að veita lán eða styrk til fyrirframgreiðslu húsaleigu, að hámarki 300.000 kr.

Þinglýstur húsaleigusamningur skal liggja fyrir eða önnur staðfesting um að samningur eigi við rök að styðjast. Miða skal við að leigufjárhæð sé í samræmi við leigu á almennum markaði.

Aðstoð á grundvelli þessarar greinar er að hámarki veitt einu sinni á ári.

Ákvæði 1. mgr. og 2. mgr. gilda einnig um þá sem njóta sérstakra húsaleigubóta.

Gildistími umsóknar er tveir mánuðir frá samþykkisdegi.

2. gr.

Breytingar þessar, sem samþykktar voru í borgarráði 5. júní 2014 að fengnum tillögum velferðarráðs, eru byggðar á 21. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum, og taka gildi við birtingu.

*Borgarstjórinn í Reykjavík, 5. júní 2014.*

**Jón Gnarr.**

---

B-deild – Útgáfud.: 30. júní 2014